



Til: Arnar landslagsarkitekt <arnar@tsnl.is>  
Efni: Re: Borgarvirki - ósk um umsögn  
Upplýsingar: Sent: 09.04.2019 15:30:42 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019040004, Bréfalyklar: 42-0 Umsögn almennt

Tilvísun í mál: 2019040004

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og bréfs frá Teiknistofu Norðurlands, dags. 2. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðrar efnistöku eða notkunar grjóts við Borgarvirki í Húnabíngi vestra. Fyrirhugað er m.a. að hlaða og laga vegg og steinþrep.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins þar sem vel er gert grein fyrir mismunandi verkþáttum í útboðs- og verklýsingum og einnig liggur fyrir samþykkt deiliskipulag og greinargerð þar við.

Í tilfelli sem þessu er aðalatriðið að framkvæmdaraðilar og þeir sem sjá um eftirlit vandi til verka en gögn málsins og verklýsingar eiga að tryggja það. Á bls. 6 í útboðs- og verklýsingu frá 2. apríl 2019 um Hleðslur, þrep og hellulögn út náttúrugrjóti segir: "Gera má ráð fyrir að eitthvað af grjóti fái við virkið sjálft vegna fyrri framkvæmda en magn þess er óljóst." Einnig segir á bls. 7 "Nú liggur mikið magn grjóts á svæðinu og líklega má nota eitthvað af því við gerð þrepanna." Vandasamt getur verið að nota efni utan við virkið sjálft því erfitt getur reynst að flytja þungt grjótið úr skriðum án þess að ummerki sjáist auk þess sem slíkt gæti raskað stöðugleika skriðanna. Eitthvað efni fæst væntanlega við færslu á núverandi stíg en gera má ráð fyrir að það fari líka í að hylja ummerki eftir gamla stíginn. Það getur því þurft að finna sambærilegt efni í nágrenninu sem hægt er að taka án þess að skaði hljótist af.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að notað verði grjót á staðnum en leggur mikla áherslu á að allt rask verð sem minnst og leitast verð við að framkvæma „efnistökuna" eða grjótnámið með þeim hætti að lítil sem engin ummerki verði eftir það.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Arnar landslagsarkitekt <arnar@tsnl.is>  
Dags: 03.04.2019 15:51:26  
Til: nia@ni.is  
cc: Ásta Hermannsdóttir <asta@minjastofnun.is>  
Efni: Borgarvirki - ósk um umsögn

Góðan dag

Teiknistofa Norðurlands, f.h. Minjastofnar Íslands, óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna fyrirhugaðrar framkvæmda og notkunar á grjóti við Borgarvirki í

Húnaþingi.

Meðfylgjandi er erindsbréf og fylgiskjöl

Vinsamlegast hafið samband ef óskað er eftir frekari gögnum

Samskonar bréf var einnig sent til Umhverfisstofnunar og óskað eftir umsögn

Með góðri kveðju

Arnar Birgir Ólafsson

--

**Arnar Birgir Ólafsson landslagsarkitekt FÍLA**

Teiknistofa Norðurlands

Glerárgata 36 - 600 Akureyri Sími: 869-3380 - [tsnl.is](http://tsnl.is)